

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Spóavegur 12 a, nýtt deiliskipulag.

Á bæjarstjórnarfundi þann 27. apríl 2023 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Spóaveg 12a. Gert er ráð fyrir að byggja megi íbúðarhús, gestahús og bílskúr á lóðinni í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sólbakki, áður Hlíðartunga, breyting á deiliskipulagi.

Á bæjarstjórnarfundi þann 31. ágúst 2023 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Sólbakka sem áður hét Hlíðartunga. Lóðinni Sólabakka 3 verður skipt í tvær lóðir. Við það verða 4 samliggjandi íbúðarlóðir á svæðinu. Byggingarheimildir á hverri lóð verða í samræmi við aðalskipulag eða samtals 2.020 m² sem er tæplega 0,15 í nýtingarhlutfall.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vesturbyggð í Þorlákshöfn svæði ÍB10 og ÍB11, nýtt deiliskipulag.

Á bæjarstjórnarfundi þann 5. október 2023 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss deiliskipulag fyrir Vesturbyggð, nýtt íbúðarhverfi vestan Þorlákshafnar.

Skipulagssvæðið nær yfir tvo landnotkunarfleti sem eru auðkenndir ÍB10 og ÍB11 í aðalskipulagi. Þar segir um fletina: „Nýtt hverfi þar sem að gert er ráð fyrir einbýlis-, par- og raðhúsum sem og fjölbýlishúsum, allt að þrjár hæðir.“

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vellir í Ölfusi, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að tiltekin starfsmannahús skyldu vera með steypum sökkli og steyptri plötu. Heimilað er að reisa þar smáhýsi með timburgólfi.

Þorlákshöfn, 19. desember 2023.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 5. janúar 2024